

**Fundargerð**  
**ÁRSFUNDAR**  
**Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2023**

Haldinn mánudaginn 8. maí 2023 kl. 14:00

í Sigtúni 42, Reykjavík

Formaður stjórnar, Auður Kjartansdóttir, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundargestir voru alls 15, stjórn, starfsmenn og gestir þar með taldir.

### 1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar Auður Kjartansdóttir flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Fundarstjóri, ágætu sjóðfélagar og aðrir fundarmenn.

Árið 2022 hefur einkennst af miklum breytingum í hagkerfum heimsins og þar hefur innrás Rússlands í Úkraínu sem hófst í febrúar spilað stóran þátt. Eignamarkaðir hafa átt undir högg að sækja allt árið og virðist sem fáir eignaflokkar hafi farið varhluta af ótryggum ytri aðstæðum en ávöxtun sjóðsins á árinu endurspeglar þennan veruleika.

Allir helstu hlutabréfamarkaðir hafa lækkað töluvert á árinu 2022. Eftir tímabil lágra vaxta og mikillar peningaprentunar hefur verðbólga nú hreiðrað um sig og hefur farið hratt vaxandi á árinu. Seðlabankar heims hafa brugðist við ástandinu með hröðum og miklum vaxtahækkunum með tilheyrandi áhrifum á eftirspurn og eignaverð. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa á helstu mörkuðum hefur hækkað á árinu ásamt því sem áhættuálag fyrirtækjabréfa hefur hækkað töluvert.

Á árinu var raunávöxtun sjóðsins neikvæð um 12,9% og nafnávöxtun neikvæð um 4,7%. Sú niðurstaða er aðeins lýsandi fyrir síðastliðið ár, lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir og hefur ávöxtun sjóðsins síðustu ár verið nokkuð góð að undanskildu þessu ári. Meðalávöxtun sjóðsins síðustu 10 ára er 3,6%, sem er yfir því 3,5% viðmiði sem lífeyrissjóðir miða við, en gert er ráð fyrir því að lífeyrissjóðir nái 3,5% raunávöxtun á ári að meðaltali .

### Rekstur sjóðsins 2022

Heildareignir sjóðsins voru í árslok 2022 tæpar 339 ma.kr. og lækkuðu um 3,4 ma.kr. á milli ára. Iðgjöld ársins voru tæpar 23,3 ma.kr. en heildarlífeyrisgreiðslur um 10,2 ma.kr. Mikill viðsnúningur varð á fjárfestingatekjum á milli ára en þær voru neikvæðar um 15,9 ma.kr. Rekstrarkostnaður ársins var 595 m.kr. og var undir áætlun ársins. Framkvæmdastjóri sjóðsins mun hér á eftir gera grein fyrir ársreikningi ársins 2022.

Í lok ársins var niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar fyrir A deild -10,8% og því utan þeirra marka sem áskilin eru í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Stjórn

sjóðsins var með stjórnarfund fyrr í dag þar sem tillögur tryggingastærðfræðings sjóðsins voru kynntar. Sjóðurinn þarf frekari tíma til vinna að þeim breytingum áður en þær verða innleiddar og kynntar sjóðfélögum.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar fyrir V deild var -5,4% og er það annað árið í röð yfir 5% viðmiði. Ef sá munur verður samfelldur í fimm ár þarf að bregðast við stöðunni með breytingu á réttindum.

Versnandi tryggingafræðileg staða sjóðsins skýrist af hækkandi lífaldri, lækkandi eignaverði og aukinni verðbólgu en lífeyrisskuldbindingar eru að fullu verðtryggðar.

Í byrjun ársins voru gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins sem eru tilkomnar vegna hækkunar lífaldurs Íslendinga og vegna hækkunar á lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóða. Breytingarnar varða framtíðarávinnslu réttinda í aldurstengdri ávinnslu í A og V deild sjóðsins sem er lækkuð en réttindatöflur deildanna taka nú bæði mið af aldri og fæðingarári.

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins mun fara yfir betur tryggingafræðilega stöðu sjóðsins síðar á fundinum.

### **Sjóðfélagalán**

Umsvif lánadeildar hafa aukist stöðugt á undanförunum árum með aukinni eftirspurn eftir sjóðfélagalánum. Um miðjan júní tóku í gildi nýjar reglur Seðlabanka Íslands um hámark greiðslubyrðar fasteignalána í hlutfalli við tekjur neytenda og reglur um hámarks veðsetningarhlutfall fasteignalána til neytenda. Þessar nýju reglur hafa því miður íþyngjandi áhrif á marga og sérstaklega þau sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð og fólk sem er að slíta sambúð eða skilja.

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hækkað stýrivexti bankans sex sinnum á árinu 2022 en stýrivextirnir fóru úr 2% í 6% á árinu. Í samræmi við aðferðafræði sjóðsins um vaxtaákvarðanir lána voru gerðar fimm breytingar á vaxtakjörum lánanna á árinu, oftast til hækkunar.

Á árinu voru afgreidd 587 sjóðfélagalán að fjárhæð tæpar 17 milljarða króna. Aðeins einu sinni áður hefur sjóðurinn lánað meira í sögu sinni. Fjöldi sjóðfélagalána í árslok var 2.422 lán að fjárhæð 47,2 milljarða króna.

Það er mjög jákvætt að íslenska lífeyrisherfið er nú í annað sinn í efsta sæti í alþjóðlegri lífeyrissvísitölu sem ráðgjafarfyrtækið Mercer og samtökin CFA Institute standa að. Í þessum samanburði eru lífeyrisherfi í 44 ríkjum metin en í næstu sætum fyrir neðan Ísland eru Holland og Danmörk. Þessi þrjú ríki eru þau einu sem lenda í efsta flokki vísitölnunnar þegar lögð eru saman stig fyrir hvern einstakan þátt lífeyrisherfanna sem eru að skila góðum réttindum, séu sjálfbær og með trausta umgjörð. Í skýrslunni er einnig bent á hvernig má hækka heildareinkunn Íslands enn frekar sem er gott veganesti til komandi ára.

### **Fyrirhuguð slit ÍL-sjóðs**

Fjármálaráðherra hefur lýst því yfir að ríkið ætli að grípa til aðgerða vegna stöðu ÍL-sjóðsins og að þrír kostir væru fyrir hendi. Í fyrsta lagi að halda áfram að leggja ÍL-sjóðnum til fjármuni, sem ráðherra telur ekki koma til greina, í öðru lagi að knýja sjóðinn í gjaldþrot með sérstakri lagasetningu, til að losna undan ríkisábyrgð, og í þriðja lagi að ná samkomulagi við skuldabréfaeigendur, sem að stærstum hluta eru lífeyrissjóðir, um uppgjör. Í framhaldi af tilkynningunni lækkaði markaðsvirði bréfanna í eigu sjóðsins að meðaltali um 13,4%. Flestir lífeyrissjóðir landsins hafa, í ljósi mikilla

hagsmuna sjóðfélaga, myndað sameiginlegan vettvang vegna þeirrar stöðu sem upp er komin vegna málsins. Fyrir liggja umfangsmikil lögfræðiálit sem undirstrika afar sterka lagalega stöðu íslenskra lífeyrissjóða vegna fyrirhugaðra slita ÍL-sjóðs en fyrirhuguð lagasetning fjármálaráðherra um gjaldþrot eða sambærileg skuldaskil ÍL-sjóðs fer í bága við ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu.

### **Ný stjórn tók við 1. nóvember sl.**

Samkvæmt samþykktum sjóðsins er stjórnin skipuð sex einstaklingum og tveimur varamönnum og er skipunartími fjögur ár en ný stjórn hóf störf 1. nóvember sl. Að þessu sinni hættu þau Garðar Hilmarsson og Halldóra Káradóttir í stjórn en í stað þeirra komu þau Gunnsteinn R. Ómarsson og Helga Benediktsdóttir í stjórnina. Í endurskoðunarnefnd eru nú þau Karl Björnsson, formaður, Helga Benediktsdóttir og Rannveig Tanya Kristinsdóttir en Garðar og Halldóra sátu áður í nefndinni. Vil ég nota þetta tækifæri og þakka bæði fyrrverandi og núverandi stjórnar- og nefndarfélagi fyrir afar gott samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári.

Starfsfólk sjóðsins býr yfir viðamikilli reynslu og þekkingu sem gagnast mjög vel í daglegu starfi og þegar sinna þarf krefjandi og flóknum verkefnum. Ég, fyrir hönd stjórnar, þakka starfsfólki sjóðsins fyrir afar gott samstarf og vel unnin störf.

Ég hef nú lokið skýrslu stjórnar fyrir árið 2022 og legg fram þá tillögu fyrir fundinn að fundarstjóri verði Þóra Jónsdóttir og fundarritari verði Birna Bjarnþórsdóttir. Fyrst það er samþykkt þá vil ég biðja Þóru um að taka við fundarstjórn og Birnu að rita fundinn.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

*Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem samþykktir lífeyrissjóðsins gera ráð fyrir, en ársfundurinn var auglýstur á heimasíðu sjóðsins og í Morgunblaðinu þann 20. apríl. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögumætan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárlið sem var yfirferð framkvæmdastjóra á ársreikningi sjóðsins.*

## **2. Ársreikningur 2022**

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, kynnti ársreikning Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2022 og greindi jafnframt frá því að hann væri birtur á heimasíðu sjóðsins. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins hafa áritað ársreikninginn með fyrirvaralausri áritun.

Árs- og sjálfbærnisráskýrsla sjóðsins er gefin út í vefútgáfu í ár eins og í fyrra. Þar gefst lesendum tækifæri á að skoða tölulegar upplýsingar Brúar með gagnvirkum hætti fyrir sjóðinn í heild sinni og fyrir hverja deild. Markmiðið með vefútgáfu skýrslunnar er að upplýsingarnar séu settar fram á einfaldan, skýran og upplýsandi hátt.

Erfitt ár er að baki og var raunávöxtun sjóðsins á árinu 2022 sú versta frá stofnun sjóðsins. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris í árslok nam 338,5 ma.kr. en var 342,0 ma.kr. í lok árs 2021 og lækkaði því um 3,5 ma.kr. milli ára sem samsvarar neikvæðri nafnávöxtun sem nemur 4,7% og neikvæðri raunávöxtun um 12,9%.

Brú starfrækir þrjár samtryggingardeildir, A og V deild og svo B deild sem samanstendur af sjö réttindasöfunum sem eru með bakábygð viðkomandi sveitarfélaga.

Virkir sjóðfélagar voru 21.313 að meðaltali á árinu 2022 og fjölgaði þeim um 88 í A deild og 491 í V deild en í B deild fækkaði þeim um 23, en um 121 þúsund einstaklingar áttu réttindi í sjóðnum í árslok 2022. Lífeyrisþegum fjölgaði í öllum deildum, í A deild um 637, í V deild um 165 og í B deild um 115. Í árslok 2022 voru lífeyrisþegar hjá Brú lífeyrissjóði samtals 12.220 samanborið við 11.303 í árslok 2021.

Við yfirferð á iðgjöldum og lífeyri kom fram að iðgjöld sjóðfélaga á árinu 2022 voru 20,3 ma.kr. og hækkuðu um 2,0 ma.kr. milli ára eða 10,7%. Sérstök aukaframlög á árinu voru 3,0 ma.kr. samanborið við 2,7 ma.kr. 2021. Lífeyrisgreiðslur á árinu 2022 voru 10,0 ma.kr. og hækkuðu um 1,4 ma.kr. frá fyrra ári eða um 15,8%. Ellilífeyrir vegur sem fyrr þyngst og var 72,4% af greiddum lífeyri á árinu, örorkulífeyrir 20,4% og makalífeyri 5,6%.

Fjárfestingatekjur lækkuðu um 58,4 ma.kr. á milli ára og voru neikvæðar um 15,8 ma.kr. á árinu 2022 samanborið við jákvæðar um 42,6 ma.kr. á árinu 2021. Viðsnúningur í fjárfestingatekjum eignarhluta skýra breytingu milli ára en mikil lækkun var á öllum mörkuðum vegna eftirkasta heimsfaraldursins, stríðsátaka í Úkraníu, óvissu um þróun orkumála í Evrópu, hækkandi verðbólgu, hækkun vaxta og veikingar krónunnar. Vísitala innlendra hlutabréfa lækkaði um 14,2% en einnig var lækkun á innlendum skuldabréfum og lækkuðu óverðtryggð skuldabréf um 4,12% en verðtryggð um 0,22%. Eftir þrjú góð ár var ávöxtun nú undir viðmiði tryggingafræðilegrar athugunar. Erfitt ár er að baki sem lýsir sér í neikvæðri ávöxtun eignarhluta í félögum og sjóðum en hafa þarf þó í huga að gangvirðisbreytingar eignahluta eru að mestu leyti óinnleystar eða -30,0 ma.kr. og óinnleystar gangvirðisbreytingar skuldabréfa voru -8,6 ma.kr.

Fjárfestingagjöld voru 95,7 m.kr. og hækkuðu um 14,4 m.kr. á milli ára. Breytingar á fyrirkomulagi eignastýringar á undanförunum árum hafa skilað sér í lægri fjárfestingargjöldum, en öll innlend stýring er innan sjóðsins. Óbeinar fjárfestingaþóknar eru áætlaðar um 730,9 m.kr. og lækka um 172,2 m.kr. á milli ára meðal annars vegna lægri árangurstengdra þóknana erlendra sjóða en meðalstaða eigna hækkar.

Rekstrarkostnaður ársins var um 595,1 m.kr. og hækkaði um 6,0 m.kr. milli ára. Launakostnaður er um 70% af rekstrarkostnaði og lækkaði um kr. 7,6 m.kr. milli ára sem skýrist einkum af breytingu á áföllnu orlofi. Kostnaður við upplýsingatækni var lægri en áætlað var en ekki er um varanlega lækkun að ræða.

Við yfirferð á efnahagsreikningi kom fram að hrein eign sjóðsins í lok árs 2022 var 338,5 ma.kr. og lækkaði um 3,5 ma.kr. milli ára. Fjárfestingaeign sjóðsins nam alls 329,9 ma.kr. í lok árs 2022 og lækkaði um 1,5 ma.kr. á árinu. Þar af lækkaði hlutabréfaeign sjóðsins um 2,8 ma.kr. og skuldabréfaeign um 8,8 ma.kr. en útlán hækkuðu um 10,1 ma.kr.

Kröfur og aðrar eignir í árslok 2022 eru 2,2 ma.kr. en voru 1,9 ma.kr. í árslok 2021 og er stærsti hluti krafna iðgjaldakröfur. Sjóður og veltiinnlán voru 7,9 ma.kr. í árslok 2022 en 9,2 ma.kr. í lok árs 2021. Skuldir í árslok voru 1,4 ma.kr. en 0,4 ma.kr. í árslok 2021.

Ávöxtun ársins 2022 var ekki góð og var raunávöxtun sjóðsins á árinu sú versta frá stofnun sjóðsins. Meðalraunávöxtun sjóðsins á árinu 2022 var neikvæð um 12,9%, síðustu 5 ára 2,4% og síðustu 10 ára 3,6%. Raunávöxtun A og V deildar á árinu 2022 var neikvæð um 12,8% en 15,3% í B deild. Við yfirferð á fjárfestingaeign kom fram að samsetning eigna A og V deildar er sú sama, þar sem eignum

deildanna er stýrt sameiginlega. Samsetning eigna er önnur í B deild á þann veg að vægi eignarhluta í félögum er minna og vægi skuldabréfa meira.

*Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu tvo dagskrárliðina.*

*Engar spurningar. Kynntur var næsti dagskrárliður og bauð fundarstjóri Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi sjóðsins að kynna niðurstöður sínar um tryggingafræðilega athugun.*

### 3. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson fór yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins í árslok 2022.

Árlega er gerður samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar vegna greiðslu lífeyris. Skuldbindingar sjóðsins ráðast af þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa aflað sér en tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum er byggt á forsendum sem háðar eru óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga. Vænt niðurstaða er metin með tölfræðilegum líkönnum.

Helstu forsendur útreikninga tryggingafræðilegra athugana eru ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, nr. 391/1998 en þær forsendur sem vega þyngst eru vextir og lífslíkur.

Reikniforsendur eru óbreyttar frá því sem var á síðasta ári en í lok árs 2021 staðfesti Fjármála- og efnahagsráðuneytið tillögur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um breytingar á forsendum reiknigrunns um lífslíkur á þá vegu að reikna lífslíkur út frá spám sem byggja á að meðalævi landsmanna haldi áfram að lengjast í stað þess að reikna lífslíkur út frá reynslu fortíðar. Á árinu 2022 voru gerðar breytingar á samþykktum A og V deildar um réttindaöflun þannig að frá febrúar 2023 verður réttindaöflun háð fæðingarári sjóðfélaga auk þess að tekið er mið af aldri þegar iðgjald er greitt.

Forsendur um mat á örorkutíðni A og V deildar eru óbreyttar frá því sem var fyrir athugun ársins 2021 en miðað er við 65% af meðaltali nýgengi örorku fyrir karla og 85% fyrir konur.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar A deildar sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2022 var 274,0 ma.kr. og hækkaði um 44,0 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg eign A deildar í árslok 2022 var 262,5 ma.kr. og hækkaði um 9,1 ma.kr. á milli ára. Voru eignir í árslok 11,5 ma.kr. lægri en áfallin skuldbinding. Ef reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding neikvæð um 60,0 ma.kr. eða um 10,8% af heildarskuldbindingunni. Staða A deildar sjóðsins er utan þeirra viðmiða sem áskilin eru í lögum og verður sjóðurinn að bregðast við þeirri stöðu með breytingu á réttindum en tryggingastærðfræðingur sjóðsins vinnur að tillögum til úrbóta. .

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar V deildar í árslok 2022 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2022 var 64,1 ma.kr. og hækkaði um 11,4 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg eign V deildar í árslok 2022 var 55,3 ma.kr. og hækkaði um 4,3 ma.kr. á milli ára. Voru eignir í árslok 8,8 ma.kr. lægri en áfallin skuldbinding. Ef reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding neikvæð um 7,7 ma.kr. eða um -5,4% af heildarskuldbindingunni.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar B deildar í árslok 2022 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2022 var 69,6 ma.kr. og hækkaði um 2,8 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg staða B deildar var neikvæð um 17,6% í árslok 2022 ef tekið er tillit til viðbótariðgjalds

launagreiðenda. Heildareignir voru 58,4 ma.kr. og heildarskuldbindingar 70,9 ma.kr. og nemur því hallinn 12,5 ma.kr. Til að standa undir lífeyrisgreiðslum greiða launagreiðendur viðbótaiðgjald sem er ákveðið hlutfall af lífeyrisgreiðslum í hverju réttindasafni. Í tryggingafræðilegri athugun er tekið tillit til þessara framlaga og þau færð sem eign sem nemur um 43,2 ma.kr.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrárlið. Engar spurningar. Fundarstjóri bauð Svandísi Rún Ríkarðsdóttur, sviðstjóra eignastýringar að fara yfir næsta dagskrárlið.*

#### 4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt

Svandís Rún Ríkarðsdóttir, sviðsstjóri eignastýringar, kynnti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2023 og benti einnig á að stefnan í heild er birt á heimasíðu sjóðsins en þar er einnig að finna upplýsingar um mánaðarlega eignastöðu sjóðsins.

Fram kom að markmið stjórnar er að sjá til þess að fé sjóðsins sé ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum sem í boði eru á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu með það að markmiði að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðfélögum. Áhersla er lögð á að byggja upp eignir sjóðsins með faglegum hætti og vanda til þeirrar vinnu sem liggur að baki ákvörðunum um fjárfestingar. Eignasamsetning sjóðsins er í samræmi við lög og fjárfestingastefnu, stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefnu sjóðsins. Við ákvörðun um samsetningu eigna í fjárfestingarstefnu sjóðsins er litið til stefnu um eignaflokka, núverandi ávöxtunar og væntanlegrar útgáfu og annarra þátta sem talið er að kunnir að hafa áhrif á fjárfestingarumhverfi og möguleika sjóðsins til ávöxtunar á komandi ári.

Haustið 2021 skrifaði Brú undir viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC) um fjárfestingu fyrir 323 milljónir Bandaríkjadala, eða rúmlega 42 milljarða króna, í verkefnum sem tengjast hreinni orku og loftlagstengdum verkefnum fram til ársins 2030. Í eignasafni sjóðsins eru nú þegar fjárfestingar fyrir rúmlega 13 milljarða króna sem flokkast undir skilgreiningu slíkra grænna fjárfestinga og áhersla á grænar fjárfestingar er í samræmi við stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.

Hluthafastefna sjóðsins endurspeglar áherslur sjóðsins hvað varðar góða og ábyrga stjórnarhætti og viðmið um beitingu atkvæða á hluthafafundum. Upplýsingar eru birtar á vef sjóðsins um hvernig sjóðurinn hefur greitt atkvæði á hluthafafundum í hverju skráðu félagi fyrir sig.

Horft er til þess í fjárfestingastefnu sjóðsins 2023 fyrir A og V deild að auka áfram við eignir í erlendum hlutabréfum og er vægi þess eignaflokks í 27% og vægi innlendra hlutabréfa í 16%. Hlutfall fjárfestinga í innlendum skuldabréfum og innlánum dregst á móti saman og fer í 37%. Vægi fasteignaveðtryggðra skuldabréfa er óbreytt í 13% sem og vægi fagfjárfestasjóða í 7%. Vægi skuldabréfa og innlána í A og V deild dregst þannig saman og fer úr 53% í 50% en vægi hlutabréfa og fagfjárfestasjóða eykst og fer úr 47% í 50%.

Þegar horft er til næstu 5 ára má reikna með að í lok þess tímabils verði um 42% af eignasafni AV deildar skuldabréf og innlán og 58% hlutabréf og fagfjárfestasjóðir, og þar af 16% í innlendum hlutabréfum, 35% í erlendum hlutabréfasjóðum og 7% í fagfjárfestasjóðum.

Fjárfestingastefnan fyrir B deildina er sem fyrr varkár en markmiðið er að ekki reyni frekar á bakábyrgð sveitarfélaganna. Í fjárfestingarstefnunni er hlutfall skuldabréfa og innlána hjá B deild óbreytt og í 64% sem og vægi hlutabréfa og fagfjárfestingarsjóða í 36%. Horft til þess í stefnunni að

auka áfram við eignir í hlutabréfum en vægi innlendra hlutabréfa er 14% og erlendra hlutabréfa 22%. Horft er til næstu 5 ára má reikna með að í lok þess tímabils verði um 61% af eignasafni B deildar skuldabréf og innlán og 39% hlutabréf og fagjáfrestasjóðir.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrárlið.*

*Engar spurningar. Fundarstjóri fór yfir næsta dagskrárlið.*

## 5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna

Núverandi stjórn tók til starfa í nóvember 2022. Samband íslenskra sveitarfélaga skipaði þrjá stjórnarmenn, Auði Kjartansdóttir sem er formaður stjórnar, Helgu Benediktsdóttur og Sigurð Ármann Snævarr. Varamaður þeirra eru Helgi Aðalsteinsson. BSRB skipaði tvo stjórnarmenn en það eru Sonja Ýr Þorbergsdóttir og Gunnsteinn R Ómarsson. Bandalag háskólamanna skipaði einn stjórnarmann en það er Þorkell Heiðarsson varaformaður. BHM, BRSB og KÍ skipuðu Jónínu Hauksdóttur sem sameiginlegan varamann í stjórninni. Kjörtíma núverandi stjórnar líkur á árinu 2026.

Á árinu varð einnig breyting á endurskoðunarnefnd sjóðsins, Karl Björnsson er enn formaður nefndarinnar en í nóvember 2022 komu þær Helga Benediktsdóttir og Rannveig Tanya Kristinsdóttir nýjar inn í nefndina.

## 6. Kynning á breytingum samþykka sjóðsins

Fundarstjóri, sem er jafnframt sviðstjóri réttindasviðs, greindi frá því að stjórn samþykkti breytingar á samþykktum sjóðsins þann 9. janúar 2023 og tóku þær gildi þann 15. febrúar 2023.

Breytingar á samþykktum sjóðsins eru tilkomnar vegna breytinga á forsendum um hækkandi lífaldurs og hækkunar á lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóða. Breytingin sem hefur verið framkvæmd varðar framtíðarávinnslu réttinda í aldurstengdri ávinnslu í A deild og ávinnslu í V deild sjóðsins. Ávinnsla réttinda til framtíðar er lækkuð og í samþykktunum eru nýjar réttindatöflur sem taka mið af bæði aldri og fæðingarári. Breytingin hefur ekki áhrif á áunnin réttindi eða greiðslur lífeyris. Þessar breytingar eru fyrsta skrefið af þremur en nauðsynlegt er að bregðast annars vegar við framtíðarávinnslu á jöfnum réttindum í A deild og hins vegar áföllnum réttindum í A og V deild. Einnig var lágmarksiðgjald í V deild hækkað úr 12,0% í 15,5% í samræmi við lagabreytingar.

## 7. Önnur mál

Engin tillaga var lögð fram um önnur mál.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir í lok fundarins.*

*Fundarstjóri lagði til að hún og fundarritari fengju leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.*

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og bauð formanni stjórnar orðið til að slíta fundi.

Formaður stjórnar þakkaði stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf á árinu og framsögumönnum og gestum fyrir góðan fund og erindi og sleit að því loknu fundinum.

Fundi slitið kl. 14:45.

---

Þóra Jónsdóttir, fundarstjóri

---

Birna Bjarnþórsdóttir, fundarritari